

MENNINGARMÁNUÐURINN OKTÓBER 2019 - DAGSKRÁ



03./19. OKT. LEIKHÚSNÁMSKEIÐ FYRIR UNGT FÓLK - LEIKFÉLAG SELFOSS – SELFOSSI

Þriggja vikna leikhúsnámskeið fyrir unglinga á aldrinum 12-16 ára (2007 - 2003) verður haldið **3. - 19. október hjá leikfélagi Selfoss**. Farið verður í hina ýmsu töfra og leiki leikhússins, unnið í að efla skapandi hugsun og frumkvæði ásamt því að vinna saman sem jafningjar. Hver námskeiðisdagur mun færa nemendur nær því að skapa stutt leikverk sem sýnt verður á lokadeginum 19. október kl.16:00. Kennari: **Rakel Ýr Stefánsdóttir** leikkona og leikstjóri. Námskeiðið verður haldið á **fimmtudögum kl. 18 - 20 og laugardögum kl. 12 - 16. Verð aðeins 8500 kr.** Senda má nafn, síma og kennitölu á póstfangið rakelstefansdottir96@gmail.com. Nánar upplýsingar í síma: 862 9318.

04. OKT. OPNUN “ÚT OG SUÐUR”- LISTAGJÁIN - BÓKASAFN ÁRBORGAR - SELFOSSI

Myndlistamaðurinn **Davíð Art Sigurðsson** heldur málverkasýningu í Listagjánni á Bókasafni Árborgar í Menningarmánuðinum október. Á þessu ári eru 20 ár síðan Davíð Art hélt sína fyrstu einkasýningu. Síðan þá hefur hann haldið á þriðja tug einkasýninga víðsvegar um land og erlendis, auk þess að taka þátt í fjölda samsýninga. **Opnun sýningarinnar í Listagjánni verður milli kl.17:00 og 19:00.**

04. OKT. OPNUN “SNORTINN” - STOKKUR ART GALLERY – STOKKSEYRI

Opnun myndlistasýningar **Jakobs Velgars Sigurðssonar kl. 17:00 - 20:00**
Sýningin „**Snortinn**“ er málverkainnsetning sem notast við firðrildi sem tákn umbreytinga. Þúsundir tegunda eru í útrýmingarhættu og stöðugt fleiri bætast á þann lista bæði vegna mengunar og loftslagsbreytinga af mannavöldum. Náttúran mun alltaf finna leið en kannski ekki á þann veg eða á þeim tíma sem við óskum okkur.“ **Opið þriðjudaga til sunnudaga frá 14:00 til 17:00.**
Lokað á mánudögum. Sýningin stendur til 25. október.

04. OKT. HROLLVEKJA Í BRAGGA “ÉG MAN ÞIG” - HALLSKOT - EYRARBAKKA

Félagasamtök á Eyrarbakka safna fyrir hljóðkerfi til að nýta á hinum ýmsu viðburðum á svæðinu og efna því til fjáröflunarsýningar. **Einungis tvær sýningar kl. 20:00 og kl. 23:00. 16 ára aldurstakmark.** Einstakur viðburður í einstöku umhverfi! **Miðaverð 2.000 kr.** Miðar seldir í forsoðu. Nánar í síma: 8957070 / jonsmessan@gmail.com.

05. OKT. BARNAVÖRUMARKAÐUR - STAÐUR - EYRARBAKKA

Nýjar og notaðar barnavörur til sölu. Allt milli himins og jarðar sem viðkemur börnum. Gefum notuðum vörum framhaldslíf og nýja eigendur! Léttar veitingar seldar á staðnum. Athugið að ekki má búast við að seljendur verði með posa á staðnum og því gott að vera með reiðufé meðferðis.
Kl. 13:00 - 17:00.

05. OKT. MÁLVERKASÝNING - BAKKASTOFA - GAMLI FRYSTIHÚSSALURINN - EYRARBAKKA

Sýning verka **Jóns Vilhjálms Stefánssonar**, framhald af sýningu í Hannesarholti í ágúst sl., nánar á heimasíðu www.bakkastofa.com. Jón Vilhjálmur á ættir að rekja til Eyrarbakka en langamma hans fæddist í Húsinu. **Ásta Krístrún** og **Valgeir** segja frá merkilegri sögu Jóns á heila tímanum **kl 15:00 og kl 16:00.**



05. OKT. TÓNLEIKAR MEÐ ÞRÍEYKINU - GAMLI FRYSTIHÚSSALURINN - EYRARBAKKA

Lög og textar **Valgeirs Guðjónssonar** og **Vigdísar Völu Valgeirsdóttur** en með þeim feðginum leikur **Magnús Oddson** verkfræðingur. Þetta er í fyrsta skipti sem Þríeykið heldur tónleika á Eyrarbakka og í fyrsta sinn sem lög Vigdísar er flutt hér austan fjalls.

Kl. 17:00 - 18:00. Aðgangur ókeypis.

05./06. OKT. BÆKUR OG BAKKELSI - HÚSIÐ Á EYRARBAKKA - BYGGÐASAFN ÁRNESINGA - EYRARBAKKA

Á sýningunni Bækur og bakkelsi eru handskrifaðar uppskriftarbækur í aðalhlutverki. Uppskriftirnar í bókunum segja ótal margt um tíðaranda, tísku, aðgang að hráefni, nýtni og hagsýni. Einnig er saga baksturs rakin auk þess sem húsmæðrafræðsla á Suðurlandi er skoðuð. Uppskriftirnar á sýningunni voru valdar með það að leiðarljósi að kynna gesti fyrir gömlum aðferðum gegn matarsóun enda málefnið tíðrætt í fjölmiðlum þessa dagana.

Sýningin er unnin af Héraðsskjalasafni Árnesinga. Verkefnið er styrkt af Uppbyggingasjóði Suðurlands. **Opið báða daga frá kl. 14:00 - 17:00. Aðgangur ókeypis.**

10. OKT. “ZIMNA WOJNA” - PÓLSKT BÍÓKVÖLD Í BÍÓHÚSINU - SELFOSI

„Nýjasta kvikmynd **Pawel Pawlikowski, Kalt stríð**, er frábær og svöl ástarsaga, sem ferðast eins og silfraður draugur frá pólsku sveitinni árið 1949, til Varsjá og Berlínar, allt til næturlúbbba Parísar. Myndin skartar stórbrotinni kvikmyndatöku líkt og í fyrri mynd Pawlikowski Ida, í svarthvítu - og er tileinkuð foreldrum Pawlikowski. Mynd sem allir ættu að geta notið.“ - Time. Myndin keppti um Gullpálmann á kvikmyndahátíðinni í Cannes árið 2018, þar sem Pawlikowski vann verðlaun sem besti leikstjórinn. **Enskur Texti. Aðgangur ókeypis.** [myndbrot](#)

11.- 20. OKT. LISTASMIÐJA F. BÖRN OG UNGLINGA MEÐ DAVÍÐ ART - SUNDHÖLL SELFOS - SELFOSI

Listasmiðja fyrir börn og unglinga við Sundhöll Selfoss. Listasmiðjunum lýkur með sameiginlegri sýningu á Betri Stofu Hótel Selfoss. Leiðbeinandi: **Davíð Art**

11. OKT. Fös. kl. 15 - 17

12. OKT. Lau. kl. 13 - 15

17. OKT. Fim. kl. 13 - 16 (haustfrí)

18. OKT. Fös. kl. 13 - 16 (haustfrí)

19. OKT. Lau. kl. 13 - 15

20. OKT. Sun. kl. 13 - 16 - SÝNING Í BETRI STOFU HÓTEL SELFOS

11. OKT. SAFNARÚNTUR Á GRÆNLANDI - HÚSIÐ - BYGGÐASAFN ÁRNESINGA - EYRARBAKKA

Laufléttur fyrirlestur um ferðir **Lindu Ásdísardóttur**, safnvarðar á Bygðasafni Árnesinga, um Suður- og Vestur- Grænland þar sem hún rúntaði á milli safna og drap niður fæti á nokkrum minjastöðum. Linda er nýkomin úr skoðunarferð sem teygði sig frá Ilulissat til Nuuk þar sem safnmenningin var skoðuð sérstaklega. Einnig verður sagt frá áhugaverðum stöðum að heimsækja á Suður- Grænlandi. Ef þú ert forvitin um Grænland og vilt ferðast þangað án þess að þramma á fjall þá máttu ekki missa af þessu. **Verið velkomin í Húsið á Eyrarbakka 11. október kl. 20.00. Aðgangur ókeypis.**



12. OKT.

OPEN MIC NIGHT - LEIKFÉLAG SELFOSS - LITLA LEIKHÚSIÐ V. SIGTÚN - SELFOSSI

Leikfélagið ætlar að bregða á leik í leikhúsinu og halda svokallað „open mic night“. Þar eru allir velkomnir sem áhuga hafa á að koma með til dæmis stutt leikin atriði, söngatriði, ljóðalestur eða hvað annað sem fólki langar til að máta sig með uppi á sviði. Við verðum með hljóðkerfi, hljóðnema og einhver hugsanleg hljóðfæri. Þetta finnst okkur mjög spennandi viðbót á verkefnalistann okkar og hver veit nema þessi viðburður geti fest sig í sessi ef vel tekst til.

Húsið opnar kl. 20:30. Aðgangur ókeypis.

13. OKT.

BÓKAMARKAÐUR TIL STYRKAR KONUBÓKASTOFU - HÁEYRARVÖLLUM 2 - EYRARBAKKA

Konubókastofa á orðið mikið af aukaeintökum af bókum sem safninu hafa verið gefnar. Núna er geymsluplássið alveg fullt. Því ætlum við að halda bókamarkað þar sem aukaeintök verða seld ódýrt. Allur ágóði fer í rekstur á Konubókastofu. Komið með peninga þar sem við ætlum ekki að hafa posa. Allir velkomnir. **Háeyrarvöllum 2, bílskúr. Kl. 13:00 - 17:00.**

15. OKT.

MYNDLIST Á MENNINGARMÁNUÐI - MYNDLISTARFÉLAG ÁRNESSÝSLU - SANDVÍKURSETRI

Opið hús á vinnustofu Myndlistarfélags Árnessýslu við Bankaveg á Selfossi. Listamenn verða að störfum og kaffi verður á könnunni. **Opið verður frá 14:00 - 21:00.** Hlökkum til að sjá ykkur. **Vinnustofa MFÁ verður opin alla þriðjudaga í vetur frá 14:00 - 18:00.**

17. OKT.

“POLITYKA” - PÓLSKT BÍÓKVÖLD Í BÍÓHÚSINU - SELFOSSI

Polityka er nýjasta verk **Patryk Vega**, leikstjóra ”Botoks” (2017), ”Pitbull. Niebezpieczne Kobiety”(2017) og ”Kobiety Mafii “(2018). Myndin lýsir atburðunum sem hafa átt sér stað í pólskum stjórnmálum undanfarin ár og afleiðingarnar sem þeim fylgir, svo og núverandi stjórnmálaástand í landinu. **Enskur texti. Aðgangur ókeypis.** [myndbrot](#)

24. OKT.

KVÖLDVAKA FOSSBÚA - SUNNULÆKJARSKÓLI - SELFOSSI

Fossbúar bjóða bæjarbúa velkomna á kvöldvöku í Sunnulækjarskóla. Skátakvöldvökur einkennast af fjöri, söng og samveru. Stutt skemmtiatriði verða í boði milli laga svo úr verði hin besta skemmtun. Kvöldvakan stendur í klukkutíma og verður feykilegt fjör allan tímann.

Sólheimaskátar verða sérstakir heiðursgestir. Sunnulækjarskóla. Kl. 19:30.

24. OKT.

UNGMENNAFÉLAG SELFOSS Í 73 ÁR (FYRRI HLUTI) - HÓTEL SELFOSS - SELFOSSI

Már Ingólfur og **Þorsteinn Tryggvi Mássynir** segja sögu Ungmennafélags Selfoss í máli og myndum. Saga Selfossbæjar er samofin sögu ungmennafélagsins og munu þeir fara í gegnum þróun ungmennafélagsins hvernig það breytist úr menningar-, bókmennta- og skemmtifélagi yfir í öflugt íþróttafélag með Olympíufara og Íslandsmeistara. Sögunni verða gerð skil í tveimur hlutum. **Þann 24. október verður sjónum beint að upphafi félagsins og þróun fram til ársins 1978, en það ár urðu straumhvörf í aðstöðu félagsins þegar Landsmót UMFÍ var haldið á Selfossi auk Landbúnaðarsýningarinnar. Kl 20:00. Allir velkomnir.**



26./27. OKT. LEIKSMIÐJA - LEIKFÉLAG SELFOSS – LITLA LEIKHÚSIÐ V. SIGTÚN - SELFOSSI

Að þessu sinni mun hinn margrómaði **Rúnar Guðbrandsson** mæta vaskur til leiks. Rúnar hefur komið áður við sögu leikfélags Selfoss því árið 2017 leikstýrði hann Kirsuberjagarðinum eftir Chekov og árið 2012 Sólarferð eftir Guðmund Steinsson. Rúnar hefur sett upp fjölda sýninga hjá sjálfstæðum atvinnuleikhúsum og áhugaleikfélögum um land allt, auk þess kennir hann við Kvikmyndaskóla Íslands.

Leiksmiðjan er opin öllum áhugasömum 16 ára og eldri, hvort sem áhuginn liggur á sviði leiklistar eða á bakvið tjöldin. Að vanda tökum við sérstaklega vel á móti nýju fólki sem hefur áhuga á að bætast í hina sívaxandi leikhúsfjölskyldu eða vill einfaldlega kynna sér starf leikfélagsins betur. **Leiksmiðjan verður haldin í Litla leikhúsinu við Sigtún á Selfossi dagana 26.-27. október frá kl. 13:00 - 18:00.**

31. OKT. UNGMENNAFÉLAG SELFOSS Í 73 ÁR (SÍÐARI HLUTI) - HÓTEL SELFOSS - SELFOSSI

Már Ingólfur og **Þorsteinn Tryggvi Mássynir** segja sögu Ungmennafélags Selfoss í máli og myndum. Saga Selfossbæjar er samofin sögu ungmennafélagsins og munu þeir fara í gegnum þróun ungmennafélagsins hvernig það breytist úr menningar-, bókmennta og skemmtifélagi yfir í öflugt íþróttafélag með Olympíufara og Íslandsmeistara. Sögunni verða gerð skil í tveimur hlutum.

31. október verður farið yfir söguna frá október 1978 til dagsins í dag. Tímabils sem einkennist af stórum sigrum á íþróttavellinum en um leið breyttri stöðu félagsins í samfélaginu og nýju hlutverki. Kl 20:00. Allir velkomnir.